

## Stjórn Sorpu bs.

Ár 2015, fimmtudaginn 16. október, var haldinn 355. fundur stórnar SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 2 voru Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón Sigurðsson frá pwc og Björg Ágústsdóttir undir lið 5.

### Tekið fyrir:

1. Lyktarmál í Álfsnesi.  
Yfirverkfræðingur kynnir áfangavinnu ReSource International þar sem fram koma helstu lyktaruppsprettur og aðgerðir sem gripið hefur verið til.
2. Þjónustusamningur við sveitarfélögin um rekstur grenndargámakerfisins.  
Framkvæmdastjóri kynnir drög að endurnýjuðum þjónustusamning við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um rekstur grenndargámakerfisins. Málið rætt. Afgreiðslu samnings frestað til næsta fundar.
3. Úttekt á innra eftirliti.  
Kynnt niðurstöðuskýrsla innra eftirlits pwc á innra eftirliti SORPU bs. Jafnframt kynnt drög að erindisbréfi innri endurskoðunar og form fyrir sjálfsmat stjórnar. Málið rætt.
4. Skipurit samlagsins.  
Framkvæmdastjóri kynnir drög að nýju skipuriti félagsins þar sem endurskoðunarnefnd stjórnar og innri endurskoðun hefur verið komið fyrir í skipuritinu. Málið rætt. Stjórn samþykkir nýtt skipurit.
5. Lóð og aðstaða Efnamóttökunnar í Gufunesi.  
Kynnt áfangaskýrsla um framtíðarnotkun svæðisins sem ráðgjafafyrirtækið Alta hefur unnið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa auglýsingu fyrir útleigu á aðstöðunni sem fellur að starfsemi og stefnu SORPU bs.
6. Kæra Xergy vegna útboðs á tæknilausn fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi.  
Lögð fram kæra ÓK Lögmannna fyrir hönd Xergy vegna þátttökutilkynningar sem barst eftir tilskilinn frest. Framkvæmdstjóra falið að koma sjónarmiðum SORPU á framfæri.
7. Krafa ÓK Lögmannna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins um öll samnings- og tilboðsgögn vegna grenndargámaútboðs.  
Lögð fram krafa ÓK Lögmannna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins um öll samnings- og tilboðsgögn vegna nýafstaðins grenndargámaútboðs. Jafnframt lagður fram tölvupóstur framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar þar sem sjónarmið Gámaþjónustunnar koma fram. Málið rætt. Stjórn bókar eftirfarandi: Það er mat stjórnar SORPU að það sé ekki í hlutverki SORPU að afhenda samkeppnisáðilum viðkvæmar upplýsingar hvors annars eða hafa frumkvæði að slíku, þá sér í lagi gegn mótmælum lægstbjóðanda í málinu, í þessu tilfalli Gámaþjónustunnar. Það er mat stjórnar SORPU að slíkt geti raskað samkeppni og geti því verið á skjön við samkeppnislög.
8. Bréf Samkeppniseftirlitsins.

Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins, dagsett 6. október 2015 þar sem fjallað er um tafir sem orðið hafa á málsmeðferð kvörtunar Gámaþjónustunnar vegna afnáms afslátta.

9. Raf- og rafeindatækjaúrgangur.

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 28. september 2015 þar sem fram koma sjónarmið ráðuneytisins vegna útboðs SORPU á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs.

10. Næsti fundur.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn föstudaginn 13.11.2015 kl. 0730.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarritari Bjarni Hjarðar

**Fundi slitið klukkan 10:30**

Bjarni Torfi Álfþórsson

Halldór Auðar Svansson  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Bjarni Hjarðar

Jóna Sæmundsdóttir  
Guðmundur Geirdal  
Björn H. Halldórsson